

Ed.

11. Frumvarp til laga

[11. mál]

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 50/1971, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Í stað orðanna „til 1. júlí 1973“ í 11. gr. laganna (sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972) komi: til ársloka 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 50/1971, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að samkvæmt niðurlagsákvæði laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, falli þau úr gildi 1. júlí n. k. Á s. l. vori var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, en Alþingi gafst ekki tími til að afgreiða frumvarpið. Er nauðsynlegt að veita Alþingi tíma til að ljúka þessari lagasetningu, en jafnframt óhjákvæmilegt, að á meðan séu í gildi lagareglur um þetta efni. Ber því brýna nauðsyn til að lengja gildistíma núgildandi laga til n. k. áramóta.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað orðanna „til 1. júlí 1973“ í 11. gr. laganna (sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972) komi: til ársloka 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. júní 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.